

# **Töluverð saga 1914–2014**

**Hagstofan,  
starfsemi hennar og  
fólkið sem þar hefur unnið**

M.S.M 28.11.14



# Hagskýrslugerð fram að stofnun Hagstofu

Landshöfðingjatíminn 1874–1904 og fyrstu ár heimastjórnar

**Indriði Einarsson**, fyrsti íslenski hagfræðingurinn, hafði árum saman unnið að hagskýrslugerð á landshöfðingjatímabilinu. Á þessu tímabili batnaði opinber skýrslugerð, engar stórstígar framfarir þó. Skýrslurnar að mestu unnar í hjáverkum af einum embættismanni, Indriða Einarssyni ásamt konu hans, en undir aldarlok voru fleiri fengnir til verksins. Skipaður fulltrúi á III. skrifstofu við stofnun Stjórnarráðs Íslands 1904 og átti líka langmestan þátt í landshagsskýrslum þeim sem gerðar voru á fyrstu árum Stjórnarráðsins. Annars hafði enginn sérstakur maður á hendi umsjón með útgáfu þeirra, og menn bæði innan eða utan skrifstofunnar voru ráðnir til þess að gera einstakar skýrslur fyrir sérstaka borgun.



# Manntalið 1910 og þáttur þess í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga

- **1909:** Landsstjórnin varð við áskorun Alþingis um að annast töku og úrvinnslu **manntalsins 1910**.
- Hagstofa Danmerkur ekki lengur þátttakandi í manntölum.
- Mótþrói Hagstofu Danmerkur að birta tölur niður á hreppa í stað sókna í manntalinu 1901 leiddi af sér bréfaskrif milli Íslands og Danmerkur.
- Stjórnarráð Íslands, réði sérstakt starfslið til þess að vinna að manntalinu 1910 á öðrum stað, utan skrifstofunnar.
- Manntalið ekki birt sem hluti af Landshagsskýrslunum.

# Aðdragandi að stofnun Hagstofu Íslands

- Fjármálaskrifstofa (III. skrifstofa) stjórnarráðs Íslands bar ábyrgð á manntalinu 1910. Einn þeirra sem störfuðu við manntalið hét Þorsteinn Þorsteinsson aðstoðarmaður á fjármálaskrifstofunni og fjórði íslenski hagfræðingurinn (útskrifaðist í Kbh. 1908) – nokkru síðar fyrsti hagstofustjórinn.
- Umræða um hagskýrslugerð 1909–1912 =>
- Vaxandi áhugi ráðamanna fyrir **sérstakri skrifstofu** í hagskýrslugerð.
- Indriði Einarsson samdi lagafrumvarpið um Hagstofuna.



# Hagstofa Íslands



# Stofnun Hagstofu Íslands

- Lög nr. 24, 20. október 1913. Tóku gildi 1. janúar 1914.
- Frumvarpið samdi Indriði Einarsson (ÞÞ kom ekki að frumv)
- Ákveðið að Þorsteinn Þorsteinsson cand. polit. (hagfræðingur) yrði hagstofustjóri.
- Fyrstu aðstoðarmenn: Georg Ólafsson, cand. polit. (hafði veitt manntalsvinnunni forstöðu) og Pétur Hjaltested.
- Fyrsta konan Jófríður Zoëga (1. mars 1920 til 31. ágúst 1939). Fædd 1896. Eiginkona ÞÞ var Guðrún Zoëga, dóttir Geirs T. Zoëga rektors.



# Formleg staða Hagstofu Íslands

- **Hagstofan varð sjálfstæð stofnun frá byrjun.**
- Tilheyrði ráðherra fjármála samfelld til 1971.
- Agnar Kl. Jónsson: Hagstofunni ætlað að vera ráðuneyti en í framkvæmd var sú ákvörðun **takmörkuð**. Sú skipan, sem á var komið árið 1917, hélst til ársins 1956, en þá tók þáverandi forsætisráðherra „af skarið í þessu efni“.
- Bréf forsætisráðherra til hagstofustjóra 15. október 1956 um að Hagstofan hafi stöðu ráðuneytis.
- Meginástæðan var þjóðskráin og nauðsyn á réttarheimild til að úrskurða um lögheimili fólks m.a.
- Ráðuneytisstaða Hagstofunnar afnumin með lögum nr. 163/2007 sem tóku gildi 1. janúar 2008. Ekki lengur þörf.



# Farvegir utan Hagstofu 1953–2005





# Efnahagsmál og tölur um atvinnuvegi utan Hagstofu

- **Framkvæmdabanki Íslands 1953** => samningur 30/5 1962 um tilfærslu hagskýrsluverkefna => lokun 31/12 1966.
- **Efnahagsmálaráðuneytið 1959–1962.**
- **Efnahagsstofnun 1962–1971** (þá lögð niður)
  - Í stjórn Efnahagsstofnunar sat m.a. hagstofustjóri, Klemens Tryggvason
- **Framkvæmdastofnun – hagrannsóknadeild 1972–74.**
- **Þjóðhagsstofnun 1974–2002** (þá lögð niður).
- **Fiskifélag Íslands – hagskýrslugerð til Hagstofu 1998**
- **Kjararannsóknarnefnd 2005** (starfsemin flutt til Hagstofu)



# Tímabil í íslenskri hagskýrslugerð

- **1914–1950: Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri**
- Einkenni: Mótun sjálfstæðrar og óháðrar hagskýrslugerðar. Frumatvinnuvegir
- **1951–1984: Klemens Tryggvason hagstofustjóri**
- Einkenni: Dreifð ábyrgð í hagskýrslugerð. Þjóðskrá, Skýrr og breytt upplýsingatækni. Þjóðhagsreikningar og margar efnahagstölfræði í aðgreinum farvegi utan Hagstofu.
- **1985–2007: Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri**
- Fjölgun hagskýrsluverkefna, EES-samningurinn og stóraukið alþjóðasamstarf. Miðsækin þróun hagskýrslugerðar eflist innanlands (Þjóðhagsstofnun 2002, Fiskifélag Íslands 1998 og Kjararannsóknarnefnd 2005 koma til liðs við Hagstofuna). Stjórnarsýslustarfsemin innan Hagstofunnar færir til annarra stofnana í tveimur áföngum: 2003 (fyrirtækjaskrá) og 2006 (þjóðskrá)
- **2008– : Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri**
- Hrunið og aðildarumsókn Íslands að ESB



# Starfsemi Hagstofu 1914–2014



# Verkefni Hagstofu 1914–1950 (ÞÞ)

- Mannfjöldapróun og manntöl
- Verðlagsvísitölur.
- Utanríkisverslun,
- Atvinnuvegir (landbúnaður og sjávarútvegur)
- Ýmis verkefni stór og smá
- Manntalið 1703 sérstakt áhugamál hagstofustjóra og merkileg saga þess heldur áfram að koma okkur stöðugt á óvart, sbr. 2013.
- Tímabil skýrsluvéla hefst 1949.



# Verkefni Hagstofu 1951–1984 (Kl.T.)

- Þjóðskrá sem stórt átaksverkefni
- Hefðbundin hagskýrslugerð
- Óleyst meginverkefni að mati Kl.T.: alhliða atvinnuvegaskýrslur & fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar + tölfræðiárbók
- Aðföng í þjóðhagsreikninga: Í þágu Framkvæmdabanka Íslands 1953–1962 og svo Efnahagsstofnunar 1962–1972.



# Verkefni Hagstofu 1985–2007 (H.S.)

- Sívinnsla þjóðskrár – „kennitala“ innleidd í stað nafnnumers
- Tölvuvæðing með einmenningstölvum
- Ný hagskýrsluverkefni innleidd
- Alþjóðavæðing í hagtölugerð – hröð fjölgun EES-gerða
- Undirbúningur EES-samnings og innleiðing í hagskýrslugerð
- Samruni stofnana í íslenskri hagskýrslugerð (PHS o.fl.)
- Undirbúningur nýrra hagstofulaga.



# Ísland og umheimurinn — EES

- **1988:** Vaxandi áhugi EFTA-ríkjanna á hagskýrslusamstarfi við ESB
- Febrúar **1991:** Skrifstofa hagskýrsluráðgjafa EFTA hjá Eurostat.
- **EES tók formlega gildi 1. janúar 1994**
- HS metur ástæður góðra samskipta við Eurostat vera þrjúþættar:
  - 1. Sífelld þáttaka og viðleitni Hagstofunnar á völdum sviðum
  - 2. Orðspor Hagstofunnar og gagnkvæm virðing aðila.
  - 3. Persónuleg tengsl og samstarf á mörgum sviðum.
- => **Vandamál smáríkja njóta æ meiri skilnings innan ESS**
- **Einkenni tímabilsins 1994–2014: Regluverk ESB/EES ákveður í æ ríkari mæli forgang verkefna í opinberri hagskýrslugerð.**

# Verkefni Hagstofu 2008–2014 (Ó.H.)

- 2008: Hrunið og niðurskurður útgjalda
- 2009: Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur og aðildarumsókn Íslands að ESB
- Rýnivinna: Staða íslenskrar hagskýrslugerðar í samanburði við skuldbindingar samkvæmt EES og skilmálar vegna inngöngu í ESB.
- Ný verkefni með fjármögnun: Manntalið 2011 + efling þjóðhagsreikningagerðar + landbúnaðartölfræði + fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar + skuldastaða einstaklinga og fyrirtækja, o.fl. ofl.





# Verkefni Hagstofu 2008–2014 (Ó.H.)

- Gæðamál og gæðastjórnun, öryggismál og persónuvernd og margt fleira sem varðar sjálfa umgjörð hagskýrslugerðarinnar.
- Hugbúnaður og upplýsingatækni mikil áskorun.
- Miðlun hagtalna stöðug áskorun



# Starfslið Hagstofu, ráðherrar og ráðuneyti




# Fastráðnir starfsmenn Hagstofu 1914–2014


- **475 karlar og konur hafa starfað á Hagstofunni á einni öld**
- **172 karlar**
- **303 konur**
  
- **Árið 2014 er kynjaskiptingin nánast jöfn**



# Meginverkefni Hagstofu Íslands 1914–2014



# Karlar og konur á Hagstofu Íslands 1914–2014



# Ráðherrar og ráðuneyti Hagstofunnar 1914–2014

**Fjöldi ríkisstjórna (ráðuneyta): 52**

**Fjöldi ráðherra hagstofumálefna: 40**

**Ráðherrar Hagstofu með lengsta þjónustutímabil:**

**Davíð Oddsson: 14 ár og 5 mánuðir (5.264 dagar 1991–2005)**

**Eysteinn Jónsson: 13 ár rúmlega (1934–1958)**

**Magnús Jónsson: 7,7 ár**

**Gunnar Thoroddsen: 5,5 ár**



# Skemmtigildi hagskýrslugerðar !

**„Margur maðurinn álítur að hagskýrslugjörð sé mesta leiðindaverk, en það er alls ekki svo, þegar sá sem verkið vinnur, fer að sjá lífið, sem liggur falið bak við tölurnar. Verkið er þá líkast vinnu læknisins, sem þreifar á lífæðinni til að kynna sér ástand þess, sem hann er sóttur til. Sá er einn munurinn, að hagfræðingur þreifar á lífæð þjóðarinnar, til þess að komast fyrir, og skýra frá því, hvernig henni liði.“ (I.E. 1913)**



Takk fyrir !

M.S.M

